8. stjórnarfundur

1. nóvember 2016

Fundarstaður: Stekkjarbakki 10, heimili Vigdísar. 1. nóvember 2016, kl. 17:30-19:00

Mættar: Harpa Þórunn Pétursdóttir, Auður Nanna Baldvinsdóttir, Birta Kristín Helgadóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir, Íris Baldursdóttir, Vigdís Harðardóttir, Petra Steinunn Sveinsdóttir og Helga Barðadóttir, sem ritaði fundargerð.Elín Smáradóttir, og Hjördís Sigurðardóttir, boðuðu forföll.

1. Haustfundur - vetrarfundur

Á Vetrarfundinum sem haldinn var undir yfirskriftinni „Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi“ var fjallað um smávirkjanir frá ýmsum sjónarhornum. Sjá dagskrá í viðauka fundargerðar.Fundurinn tókst vel, fyrirlestrar áhugaverðir og góðar umræður í lok fyrirlestra.Fundurinn var haldinn í Arion-banka, í boði bankans.

2. Skýrslan

Komið er tilboð frá Ernst og Young um gerð stöðuskýrslu og hljóðar tilboðið þeirra upp á 2.8-4,8 m.kr. Fyrirtækið er tilbúið að fara í verkið og setja 3 m.kr. þak á verðið auk VSK.Stjórnin jákvæð gagnvart tilboðinu, en formleg ákvörðun verður ekki tekin fyrr en betri sundurliðun og nánari útfærslu á tilboðinu liggur fyrir. Jafnframt þarf að fara vel yfir forsendur og efnistök.Komið hefur fram að Landsvirkjun hefur áhuga á að styrkja KÍÓ til að gera skýrsluna.Reiknað með að skýrslan verði tilbúin 1. apríl

3. Heimasíðan

Búið er að kaupa lénin „www.kio.is“ og „www.konuriorkumalum.is“. Áfram er unnið að efni á síðuna.

4. Kynning á KÍÓ og styrkir

Ákveðið að haft verði samband við þau orkufyrirtæki sem ekki hefur verið haft samband við fram til þessa og kynna starfsemi KÍÓ fyrir þeim og óska eftir styrkjum til starfsemi félagsins. Kynning verður á KíÓ fyrir Rarik 8. des. n.k.

5. Menntastefna

Íris kynnti fyrstu drög að menntastefnu. Farið var yfir hugmyndafræði og helstu áherslur. Drögin verða send út til stjórnarkvenna til umsagnar áður en þau verða send út á félagsmenn til umsagnar og athugasemda.

6. Fréttabréf

Formaður vinnur að fréttabréfi þar sem tekið verður saman starfsemi KÍÓ þetta fyrsta starfsár félagsins. Bréfið verður sent út til allra félagsmanna.

7. Næsti fundur

Formaður boðar næsta fund um miðjan janúar 2017. Viðauki við fundargerð fundar stjórnar KÍÓ, dags. 5. des. 2016. Dagskrá Vetrarfundar 30. nóv. 2016:

Opinn vetrarfundur Kvenna í orkumálum

Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi – Eru smávirkjanir framtíðin?

Opinn vetrarfundur Kvenna í orkumálum, miðvikudaginn 30. nóvember í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19, klukkan 16:30.

Dagskrá fundar:

- Iða Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs ávarpar fundinn.

- Auður Nanna Baldvinsdóttir, stjórnarkona KíO og sérfræðingur í viðskiptaþróun Landsvirkjunar -Litlar þúfur – Dreifð raforkuvinnsla.

- Kjartan Rolf, deildarstjóri kerfisstýringar Rarik -Smávirkjanir og dreifikerfið.

- Svana Linnet, fyrirtækjaráðgjöf Arion banka-Fjármögnun smá- og örvirkjana.

- Birkir Þór Guðmundsson, ráðgjafi hjá Orkuveri ehf. -Að reisa og reka smávirkjun.

- Mjöll Waldorf, stofnandi XRG Power-Möguleikinn á einkarafstöð.

- Sæþór Ásgeirsson, stofnandi Icewind-Litlar vindrafstöðvar.